



EINELTISÁÆTLUN

Heilsuleikskólinn Hamravellir

2. útgáfa 2022

Hvannavellir 1, 221 Hafnarfjörður
hamravellir@hafnarfjordur.is

Efnisyfirlit

Stefnuyfirlýsing	2
Markmið áætlunar	2
Forvarnir gegn einelti í leikskólanum	3
Það sem við getum öll gert (börn, foreldrar og kennarar)	4
Verkáætlun vegna eineltis	5
Könnunarstig	5
Framkvæmdastig	5
Hugmyndir að námsefni og aðferðum	6
Stig af stigi	6
Vinátta – Barnaheill	6
Samræður með sögum - bækur	6
Félagsfærnisögur	7
Dæmi um verkefni	7
Hlutverkaleikir	7
Dæmi um verkefni	8
Heimildaskrá	10

Stefnuyfirlýsing

Í lögum um leikskóla (90/2008) segir:

Í leikskóla á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnunum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Á Hamravöllum er lögð áhersla á að börnum og fullorðnum líði vel og að allir tileinki sér jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Virðing er borin fyrir ólíkum þörfum, líðan og tilfinningum einstaklinganna. Starfsfólk leikskólans líður ekki að einelti sé stundað innan skólans og vinnur markvisst að því að koma í veg fyrir skilyrði sem gætu skapað einelti.

Komi upp einelti eða grunur um einelti í leikskólanum er lögð áhersla á að leysa málið fljótt og á farsælan hátt fyrir alla málsaðila.

Markmið áætlunar

Markmið með eineltisáætluninni er meðal annars að gera starfsfólk leikskólans meðvitaðra um einelti í allri sinni mynd svo það þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti en einelti verður hér skilgreint á eftirfarandi hátt:

Einelti er síendurtekið ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hóp og beinist að einstaklingi eða jafnvel einstaklingum sem ekki eru færir um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Einnig er mikilvægt fyrir kennara (og annað starfsfólk leikskólans) að vera meðvitaðir um að einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á samskiptum í skólum og hvaða áhrif jákvæð og kærleiksrík samskipti hafa á skólabrag. Skólabragur vísar til samskiptanna í skólunum, sem hafa áhrif á líðan nemenda, þroska þeirra og nám í leik og starfi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að bein tengsl eru á milli góðs skólabrags og velgengni og líðan nemenda (Fullan, 2007; Börkur Hansen, 2003; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007; Goleman, 2006; Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Þegar vitneskja um einelti berst til starfsmanna leikskólans frá nemendum, forráðamönnum eða öðru starfsfólki skólans, er henni komið sem allra fyrst til leikskólastjóra eða annars

yfirmanns. Hann ákveður næstu skref samkvæmt áætlun þessari og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð eineltismála.

Forvarnir gegn einelti í leikskólanum

Til að sporna við einelti er mikilvægt að vinna með samskipti, umburðarlyndi, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra. Einnig er mikilvægt að styrkja einstaklinginn og byggja hann upp til framtíðar. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra. Haga skal forvörnum gegn einelti í leikskólanum þannig að:

- Í skólanum er samráðsteymi sem vinnur úr eineltismálum. Í teyminu sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjóri viðkomandi deildar.
- Leikskólastjóri beri ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega.
- Leikskólastjóri sé alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti. Hann sjái um að upplýsingar og vitneskja berist á viðeigandi staði eftir eðli málsins. Einnig beri hann höfuðábyrgð á að farið sé eftir þessari áætlun.
- Það sé á ábyrgð allra starfsmanna leikskólans að fara eftir eineltisáætlun.
- Deildarstjóri hafi reglulega umræðu á deildarfundum um líðan, samskipti, hegðun og virðingu.
- Starfsfólk leikskólans stýri reglulega umræðu meðal barnanna um líðan, samskipti, hegðun og virðingu.
- Starfsfólk leikskólans geri reglulega athuganir á samskiptum, félagslegum tengslum og líðan barnanna.
- Starfsfólk leikskólans þjálfí börn í að vinna saman og sýna hverju öðru samkennd, virðingu, tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi og nýti til þess ýmis námsefni skólans sem kennir jákvæð og uppbyggjandi samskipti.
- Starfsfólk leikskólans vinni með námsefnið *Vinátta* (kennsluefni frá Barnaheill) sem felst í að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum.

- Starfsfólk leikskólans lesi *Hjálpfús heimsækir leikskólann* (kennsluefni frá Rauða Krossinum) reglulega, þar sem unnið er með mannúð, þakklæti, hjálparstarf og tilfinningar.
- Stuðlað sé að samvinnu heimila og leikskóla, t.d. með fræðslu um einelti fyrir foreldra.
- Eftirlit sé haft með öllum starfsstöðvum leikskólans, s.s. útisvæði, leikstofum og í vettvangsferðum eins og kostur er.
- Skoðaðar séu reglulega aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis.
- Starfsfólk leikskólans stuðli að góðum skólabrag þar sem ríkir góður andi, jákvæð og uppbyggjandi samskipti, virðing, hjálpsemi og gleði.

Það sem við getum öll gert (börn, foreldrar og kennarar)

- Rækta góð samskipti við aðra, einelti fær illa þrifist þar sem góð samskipti ríkja.
- Taka einelti alvarlega og reyna að koma í veg fyrir að það eigi sér stað.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum barna innan sem utan leikskólatíma.
- Vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barnanna.
- Styrkja sjálfsmynd barna og kenna þeim umburðarlyndi, samhygð, vináttu, virðingu fyrir fjölbreytni og að setja sig í spor annarra.
- Hvetja börnin til að segja frá einelti og styðja við bakið á þeim. Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar.
- Gera börnunum grein fyrir að einelti í leikskóla hefur áhrif á starf og líðan allra á deildinni, þar sem einelti viðgengst.
- Upplýsa börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust þeirra sem fyrir því verða.
- Vísá eineltismálum til samráðsteymis.
- Afla góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti.
- Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti.
- Aðstoða börn sem leggja önnur börn í einelti við að breyta háttarni sínu.

Verkáætlun vegna eineltis

Könnunarstig

Þegar vitneskja berst um einelti til leikskólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki leikskólans er henni komið til leikskólastjóra eða samráðsteymis. Leikskólastjóri og/eða samráðsteymi greinir málið samkvæmt skilgreiningu leikskólans á einelti og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir. Á könnunarstigi er leitað eftir upplýsingum frá kennurum og öðrum sem koma að skólastarfinu. Deildarstjóri skráir hjá sér hver verður fyrir einelti, hver beitir því, tíðni, hvar það á sér stað o.fl. (dæmi um skráningarblað er að finna í viðauka 1). Hann getur einnig lagt fyrir tengslakönnun og í framhaldi af henni er hugsanlegt að hafa skipulögð einstaklingsviðtöl. Deildarstjóri ákveður næstu skref eftir eðli málsins og getur ráðfært sig við leikskólastjóra. Hér gegnir skráning lykilhlutverki.

Framkvæmdastig

1. Ef metið er að um einelti sé að ræða tilkynnir deildarstjóri málið til samráðsteymis. Eins og fyrr segir, sitja í teyminu leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri viðkomandi deildar. Farið er yfir:
 - Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þolanda og geranda/gerendur.
 - Hvað forráðamenn þolanda og geranda/gerenda geta gert til aðstoðar barni sínu og leikskólanum og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
 - Að foreldrar geti sjálfir haft samband við leikskólastjóra.
 - Samstarf foreldra og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.
2. Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki grein fyrir stöðu mála. Deildarstjóri og/eða leikskólastjóri gera foreldrum/forráðamönnum grein fyrir stöðu mála.
3. Unnin er áætlun sem allir kennarar kynna sér og fara eftir. Ekki er unnt að gefa upp ákveðnar vinnureglur heldur skal litið á hvert mál sem einstakt.
4. Allt ferlið er skráð í dagbók af deildarstjóra og foreldrar eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik. Leikskólastjóri fylgist með framgangi málsins.

5. Meta þarf árangur áætlunar og hvort náðst hafi að uppræta eineltið. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja leikskólans er leitað til sérfróðra aðila í stoðkerfi leikskólans.

Hugmyndir að námsefni og aðferðum

Stig af stigi

Stig af stigi er námsefni í lífsleikni, sem er ætlað að efla félagsþroska og samskipti barna. Markmið efnisins er að börnin skilji aðra og láti sér lynda við þá; að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning og að kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi. Unnið er með þrjú meginvið: innlifun, leysa úr vanda og sjálfstjórn. Efnið byggir á myndaspjöldum þar sem unnið er skipulega með tilfinningagreind (Committee For Children, 1988).

Vinátta – Barnaheill

Vinátta er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir börn 0 – 9 ára. Verkefnið felst í útgáfu námsefnis sem ætlað er börnum, foreldrum þeirra og starfsfólki. Verkefnið byggir á raunhæfum verkefnum og eftirfarandi gildum; umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnun.

Samræður með sögum - bækur

Bókmenntir eru áhrifaríkur miðill sem getur veitt nemendum á öllum aldri innsýn í reynsluheim og tilfinningar tengdar einelti. Á sama hátt og leikræn tjáning veita bókmenntir, skapandi skrif og umræður nemendum tækifæri til að öðlast dýpri skilning á sjálfum sér og eigin viðbrögðum í mismunandi samhengi með mismunandi fólki. Í gegnum sögurnar læra nemendur meira um eðli vandans og læra að þekkja hvað það er sem fær sögupersónurnar til þess að leggja aðra í einelti. Nemendur öðlast betri skilning á afleiðingum eineltis og í gegnum sögupersónurnar glíma þeir við þau félagslegu og tilfinningalegu vandamál sem allir þeir sem lenda í eineltisaðstæðum á einhvern hátt þurfa að fást við (Gegn einelti, handbók fyrir skóla, 2000).

Starfsfólk gæti unnið með fámenna hópa og með þeim hætti fylgt eftir hverjum einstaklingi. Í hópastarfi væri til að mynda hægt að lesa bók tengda efninu (t.d. Litli ljóti andarunginn), fara náíð ofan í söguþráðinn og vinna með söguna og boðskapinn. Oft er auðveldara að

styrkja ung börn sem enn eru í mótun og því er mikilvægt að vinna að forvörnum og styrka sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna á leikskólaaldri.

Dæmi um bækur

- Bókin um Ýmu tröllastelpu
- Franklín eignast vin
- Óskar verður æfur
- Regnbogafuglinn

Gott getur verið að nota loðtöflusögur og hljóðdiska eða sögur á tölvutæku formi. Einnig er Bókasafn Hafnarfjarðar uppfyllt af fróðlegu og spennandi efni.

Félagsfærnisögur

Félagsfærnisögur geta aðstoða börn við að upplifa og vinna sig í gegnum tilfinningar sem vakna í ýmsum aðstæðum. Félagsfærnisögur er t.d. hægt að nota þegar samskipti í barnahópnum eru á rangri leið eða þegar ósætti kemur upp.

Dæmi um verkefni

Barn (A) verður uppvíst af því að skilja markvisst annað barn (B) útundan. Kennari tekur A (einstaklingslega eða með öðrum börnum) og býr til sögu um barn sem ítrekað er skilið útundan í leik. Umræður eru fengnar í gang með börnunum um það hvernig því barni líður, hvaða tilfinningar koma upp. Spurningar sem hægt er að spyrja eru t.d.

- Hvernig líður barninu (sem er skilið útundan)?
 - Er það leitt, sárt, reitt o.s.frv.?
- Hvað gera börnin sem skilja útundan rangt?
- Hvernig geta börnin sem skilja útundan bætt sig?
- Hvernig getur barnið sem skilið er útundan brugðist við?
- Hvað geta vinirnir (áhorfendur) gert til að hjálpa?

Hlutverkaleikir

Ein mikilvægasta kennsluáferðin í félagsfærnikennslu er að nota hlutverkaleik.

Hlutverkaleikir ganga út á það að fara í annað hlutverk en vanaleg eru. Í leikskóla er mikið unnið í gegnum hlutverkaleikinn en þá fá börn tækifæri til að vinna úr tilfinningum sínum og upplifunum með leiknum. Börnin læra mest af því að framkvæma og því er starfsfólk hvatt til að nýta sér hlutverkaleikinn. Það er lögð rík áhersla á virka þátttöku starfsfólks í öllum leik

barna og í hlutverkaleikjum ætti starfsfólk að leika hlutverk barns, ekki einhvers annars starfsmanns.

Ef barn á í erfiðleikum með boðskipti eða ef félagsleg færni þess er lítil, þarf starfsmaður leikskólans að aðstoða það við að skilja boðskiptin og að komast inn í hópinn.

Starfsmaðurinn þarf að skapa gott andrúmsloft inni á deildinni svo að börnin finni fyrir hlýju og öryggi. Starfsmaðurinn á að geta huggað, hughreyst og stutt börnin í að þroskast sem einstaklingar (Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, 1993). Í gegnum leikinn fer mikið nám barnsins fram og gott að tengja það sem fram fer í leiknum inn í umræðuna um börn sem eru með samskiptaerfiðleika og sem verða oft fyrir einelti. Börn læra mikið um mál og málnotkun í gegnum hlutverkaleik og er mikilvægt að kenna börnum að nota málið til að tjá tilfinningar. Hinn félagslegi hlutverkaleikur krefst þeirrar færni að börnin geti t.d. brugðist við hugmyndum annarra, sýnt frumkvæði, gefið og þegið og haldið aftur af frumkvæði, svo eitthvað sé nefnt. Þegar barn er stutt í leik er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvaða stuðning barnið þarfnast og hvernig á að veita hann.

Þegar starfsfólk leikskóla tekur þátt í leik barna er það ólíkt því hlutverki að vera leikfélagi. Sem þátttakandi býður hlutverkið upp á að eiga samskipti innan leiksins, en kennari verður að leyfa börnum að leiða og virða val þeirra á leikþema. Börnin skapa og stjórna leiknum. Fyrirkomulagið í minni hópum ætti að tryggja mikil samskipti milli barna og styrkja sjálfsmynd þeirra (Elgas og Lynch, 1998).

Ef starfsmaður áttar sig á því að ákveðin hegðun barns gæti leitt síðar meir til eineltis hvort sem barnið yrði þolandi eða gerandi þá er það hlutverk kennarans að styðja viðkomandi, það þarf að styrkja sjálfsmynd barnsins með öllum ráðum (Guðjón Ólafsson, 1996).

Hlutverkaleikir geta því bæði hjálpað tilvonandi þolendum sem og gerendum. Í hlutverkaleikjum læra börnin að þekkja sínar eigin tilfinningar sem og að virða annarra, einnig læra þau að taka tillit til annarra og eiga samskipti hvort við annað.

Dæmi um verkefni

Hlusta á ávaxtakörfuna og leika atriði úr henni þar sem ein/n er Mæja jarðarber og Gedda Gulrót. Immi ananas er vondur, fyrst við Mæju og svo Geddu. Mæja fer líka að vera vond við Geddu en áttar sig svo á hegðun sinni og fer að hjálpa Geddu.

Gott er að ræða um hvort það megi láta svona, hvort það megi uppnefna eða stríða þó svo að einhver sé öðruvísi.

Heimildaskrá

Barnaheill. (e.d). Vinátta. Sótt af <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>

Börkur Hansen (2003). *Stofnanamenning og stjórnun*. Í Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson, Steinunn Helga Lárusdóttir (ritstjórar), Fagmennska og forysta. Þættir í skólástjórnun (bls. 49–61). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Committee For Children (2002). *Stig af stigi*. (Þórir Jónsson þýddi). Akureyri: Reynir – ráðgjafastofa KMM ehf. (Upphaflega gefið út 1988)

Elgas, P.M., & Lynch, E. (1998). Play. Í L. J. Johnson, M. J. LaMontagne, P. M. Elgas & A. M. Bauer (Eds.), *Early childhood education: Blending theory, blending practice* (pp. 111-134). Baltimore: Paul H. Brookes.

Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change* (4. útgáfa). New York: Teachers College press.

Gegn einelti, handbók fyrir skóla (2000). Ritstjórar Sonia Sharp og Peter K. Smith. Reykjavík: Æskan.

Goleman, D. (2006). The Socially Intelligent Leader. *Educational Leadership*, 64, 76–81.

Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2006). „*Gullkista við enda regnbogans*“. Rannsókn á hegðunarfunda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt 5. nóvember 2008 af http://starfsfolk.khi.is/ingvar/agi/Skyrsla_Hegdun_Lokagerd.pdf

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007). *Virðing og umhyggja*. Reykjavík: Heimskringla háskólaforlag Máls og menningar.

Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (1993). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.